

# Fundargerð 157. fundar

## fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2024, miðvikudaginn 30. október kl. 14:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Álfhildur Leifsdóttir, Helgi Arnarson og Kristín Jóhannesdóttir.

Að auki sátu fundinn: Svala Kristín Hreinsdóttir sérfræðingur, sem ritaði fundargerð og Ingimar Guðmundsson sérfræðingur.

Helgi Grímsson og Róslín Alma Valemarsdóttir boðuðu forföll. Álfhildur Leifsdóttir sat fundinn í gegnum Teams, mætti til fundar kl. 13:30 og vék af fundi kl. 15:42.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. **Samstarfsvettvangur um innleiðingu breytinga á ráðstöfun fjármuna í grunnskólum í framhaldi af tilraunaverkefni - 2207014SA**

Fulltrúar úr, skólamálanefnd Skólastjórafélags Íslands þau Arnbjörg Stefánsdóttir, Snædís Valsdóttir og Hjálmar Bogi Hafliðason sátu fundinn undir þessum dagskrálið í gengum Teams.

Fulltrúar úr stjórn Grunnur, félag fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum þau Hlöðver Gunnarsson, Jón Höskuldsson og Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir sátu einnig fundinn undir þessum dagskrálið.

Í framhald af vinnu verkefnisins Ráðstöfun fjármuna í grunnskólum fyrir alla var stofnaður samstarfsvettvangur Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélags Íslands og Grunnur, félags stjórnenda á skólaskrifstofum undir forystu mennta- og barnamálaráðherra. Í byrjun árs 2023 var ákveðið að efna til fundaraðar um landið og áframhaldandi vinnu verkefnisins en tilgangur fundanna var að styðja betur við stefnumótun og starfshætti í grunnskólum er kemur að úthlutun og ráðstöfun fjármuna sem stuðla að menntun fyrir alla. Niðurstöður verkefnisins liggja nú fyrir.

Fræðslumálanefnd telur að fjölmörg tækifæri felist í því að vinna frekar með niðurstöður skýrslunnar.

Fræðslumálanefnd telur einnig að það sé ávinningur fyrir verkefnið að halda áfram samstarfi við þá aðila sem stóðu að verkefninu m.a. Skólastjórafélag Íslands og Grunnur, félags stjórnenda á skólaskrifstofum og tóku aðrir fundarmenn og gestir undir það. Í samráði við framangreinda verður áframhaldandi samtal milli aðila um niðurstöður skýrslunnar.

Fundi var slitið kl. 16:00

---

Álfhildur Leifsdóttir

---

Helgi Arnarson

---

Kristín Jóhannesdóttir

Skjal sótt af '9999999999' dags: 12.02 2025